

Ísland á filmu, rannsókn og kynning

2-3 vinna saman í hóp, 6-8 mínútur

Veljið ykkur efni úr listanum hér að neðan. Notið vefinn Ísland á filmu (islandafilmu.is eða islandpaafilm.dk/is) til að kanna efnið ykkar. Veljið a.m.k. þrjú myndskleið eða eina lengri mynd.

Kynningin skal vera 6-8 mínútur. Hafið inngang þar sem þið útskýrið stuttlega hvað þið ætlið að rannsaka. Takið þar fram hvað myndböndin heita sem þið ætlið að nota, síðan hvenær þau eru og hvers vegna þið völduð þau. Í meginmáli segið þið frá því hvað þið finnið í myndskleiðunum sem styður við það sem þið eruð að rannsaka. Segið stuttlega frá hverju myndskleiði. Hér er gott að taka skjáskot úr myndskleiðunum og hafa á glærunum. Ekki spila heil myndskleið. Þið getið líka notað efni af timarit.is til að finna fleiri upplýsingar um hvað er að gerast í myndskleiðunum. Í lokaorðum dragið þið stuttlega saman niðurstöðurnar.

Undirbúningur

Byrjið á að skoða myndefnið sem er í boði undir *Sjá myndir*. Þar er gott að haka við *Allt* vinstra megin á skjánum, þá sjáið þið bæði lengri myndir og styttri myndskleið úr löngu myndunum. Ef þið viljið skoða allt myndefni frá tilteknu tímabili skulið þið hafa leitarstikuna tóma og stilla árbilið í reitunum vinstra megin. Þið getið líka opnað Íslandskortið og skoðað myndskleið frá ákveðnum bæjum eða stöðum. Athugið að ekki allt myndefni sem er til á síðunni er merkt inn á Íslandskortið. Þegar þið veljið ykkur efni skulið þið athuga vel síðan hvenær myndefnið er og hvaðan og hvernig það á við umfjöllunarefnið ykkar.

Það getur verið gott að nota timarit.is til að finna fleiri upplýsingar um efnið ykkar. Þá er gott að leita í dagblöðum frá 20. öld, t.d. Morgunblaðinu, Vísi, Tímanum og Þjóðviljanum. Þið getið valið dagblöð og tímabil ef þið smellið á *ítarleit* eða á stikuna *sjá leit* hægra megin eftir að þið hafið sett inn leitarorð.

Umfjöllunarefni fyrir rannsókn

Lestu lýsingarnar hér að neðan og veldu umfjöllunarefni fyrir verkefnið.

ATH. Þú þarft ekki að skrifa um allt sem er nefnt í lýsingunni, spurningarnar eru til að veita innblástur og gefa hugmyndir.

Verkhættir fyrri tíma

Finndu efni þar sem sýnt er frá einhvers konar vinnu fólks, t.d. fiskvinnsla, landbúnaður o.fl. Hvernig eru verkhættirnir? Veistu hvernig verkhættirnir eru í dag og hvað hefur breyst? Hvers vegna voru störfin unnin á þennan hátt? Sérðu kynjamun á því hver gerir hvað? Hvernig sýnist þér fólkið líka störfin?

Hér getur verið gott að skoða t.d. myndir frá Vigfúsi Sigurgeirssyni eða myndskreið undir efnisorðunum *landbúnaður*, *sveitalíf* og *fræðslumynd*. Passaðu að ekki bara endursegja það sem kemur fram í lengri myndum Vigfúsar en að skrifa líka þína rannsókn.

Kynjahlutverk

Skoðaðu hvernig kynjahlutverk birtast í myndunum á vefnum. Er munur á því hvaða störf konur og karlar vinna? Er munur á því hvað konur og karlar gera í daglegu lífi? Er munur á því hverjir mæta á ákveðna viðburði? Sérðu einhvern mun á milli ára hvað konur og karlar gera? Hvernig hafa kynjahlutverkin sem þú sérð í myndskreiðunum breyst í dag?

Reykjavík þá og nú

Veldu þér tímabil og skoðaðu myndskreið úr Reykjavík. Hvað hefur breyst? Hvaða hús standa enn og hvað er farið? Hvenær fóru húsinn sem eru horfin? Er gróðurinn eins? Finnur þú myndskreið þar sem við sjáum þróun sama svæðis á milli ára? Þú mátt setja inn skjáskot úr myndskreiðunum efninu þínu til stuðnings.

Ísland í NATO

Ísland er eitt stofnríkja NATO árið 1949. Hvernig var því tekið? Hverjir vildu inn og hverjir vildu út? Var því bara mótmælt í upphafi? Hverjir tóku upp mótmælin? Hvernig er umræðan um NATO í dag?

Hér getur verið gott að setja í leitarstikuna *óeirðir*. Athugið tvenns konar rithátt: *NATO* og *NATÓ*

Lýðveldið Ísland

Finndu efni tengdu lýðveldisdeginum. Hvernig var fyrsti lýðveldisdagurinn? Hverjir komu fram og hvað var sagt í ræðuhöldunum? Hvernig er haldið upp á daginn? Hafa hátíðarhöldin breyst á milli ára? Er munur á því hvernig er haldið upp á daginn eftir landshlutum? Hvernig tóku Íslendingar því að vera með sinn eigin forseta? Hvað gerði forsetinn?

Forsetaheimsóknir víða um land

Hvernig voru forsetaheimsóknirnar hjá Sveini Björnssyni og/eða Ásgeiri Ásgeirssyni? Hvað gerðu þeir og hvað gerði fólk? Hverjir tóku á móti þeim? Hvernig ferðaðis forsetinn um landið? Var stórt fylgdarlið með honum? Hvaða merkingu telur þú að það hafi haft fyrir sveitir og bæi landsins að forsetinn kæmi í heimsókn? Á hvaða árum voru slíkar ferðir farnar? Fer forsetinn slíkar ferðir í dag? Heldur þú að forsetaheimsóknir hafi jafnmikla merkingu og táknrænt gildi í dag og þá?

Eldgosamyndir

Finndu myndefni af eldgosum á Íslandi og segðu frá. Hvaða myndefni er til um hvaða gos? Hvernig birtast gosin í myndefninu? Hvernig tekur myndatökumaðurinn upp? Hvað heldur þú að hann vilji festa á filmu? Eru myndskreið þar sem við sjáum viðbrögð fólks?

Annað

Er eitthvað annað sem þig langar að skrifa um? Berðu það undir kennarann þinn.